



Blikk hugbúnaðarþjónusta hf.

## Persónuverndarstefna

### Gildissvið og meðferð persónuupplýsinga

Persónuverndarstefna þessi (hér eftir “stefnan”) gildir um vinnslu persónuupplýsinga hjá Blikk hugbúnaðarþjónustu hf., kt. 530922-1620, Lágmúla 9, 108 Reykjavík (hér eftir “Blikk”). Blikk skuldbindur sig til þess að vinna aðeins með persónuupplýsingar á þann hátt sem lýst er í stefnu þessari og samræmist ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2016/679 (GDPR) (hér eftir sameiginlega nefnd “persónuverndarlög”).

Nánar tiltekið gildir stefna þessi um alla starfsemi Blikk í tengslum við þjónustur þar sem vinnsla persónuupplýsinga fer fram, allar persónuupplýsingar sem þú afhendir Blikk eða sem Blikk safnar um þig í gegnum vefsíðu Blikk, [www.blikk.tech](http://www.blikk.tech), og aðrar netþjónustur Blikk s.s. tölvupóst, forrit og aðrar þjónustur sem Blikk býður upp á. Stefna þessi tekur þó aðeins til einstaklinga en ekki lögaðila. Þá nær stefna þessi ekki yfir aðrar vefsíður sem vefsíða Blikk vísar til með tengli.

Vinsamlega kynntu þér persónuverndarstefnu þessa vel og vandlega. Ef þú samþykkir ekki efni hennar getur þú ávallt hætt að nota þjónustu Blikk.

## **Ábyrgðaraðili og vinnsluaðili**

Ábyrgðaraðili er sá sem ber ábyrgð á því að sú vinnsla sem fer fram samræmist persónuverndarlögum hverju sinni og ábyrgðaraðili verður að geta sýnt fram á það. Ábyrgðaraðili ákveður tilgang vinnslunnar og aðferðir við vinnslu persónuupplýsinga.

Ábyrgðaraðili er Blikk hugbúnaðarþjónusta hf., kt. 530922-1620, Lágmúla 9, 108 Reykjavík.

Vinnsluaðili er sá sem vinnur persónuupplýsingar á vegum ábyrgðaraðila eða f.h. ábyrgðaraðila á grundvelli vinnslusamnings og miðlar þeim áfram til notenda. Ef Blikk nýtir sér þjónustu vinnsluaðila er gerður vinnslusamningur við vinnsluaðila.

Í einhverjum tilvikum geta ábyrgðaraðilar verið fleiri en einn en þá fer vinnsla persónuupplýsinga fram á vegum tveggja eða fleiri aðila. Þá bera allir aðilar ábyrgð á afmörkuðum þáttum vinnslunnar og teljast vera sameiginlegir ábyrgðaraðilar. Ef Blikk vinnur á þann hátt með aðila um vinnslu persónuupplýsinga er gert samkomulag um sameiginlega ábyrgð.

## **Söfnun persónuupplýsinga og tilgangur**

Þegar þú skráir þig í þjónustu Blikk þá safnar Blikk upplýsingum um þig, bæði sem þú afhendir Blikk eða koma frá öðrum aðilum í tengslum við þjónustuna. Helsta söfnunin fer fram á grundvelli viðskiptasambands í þeim tilgangi að geta boðið viðskiptavinum upp á þær vörur og þjónustu sem Blikk er með. En einnig getur söfnun upplýsinga farið fram á grundvelli lagaskyldu eða til að uppfylla kröfur stjórnvalda, fylgja innri stefnum og almennum viðskiptaskilmálum Blikk. Eftirfarandi eru þær upplýsingar sem safnað er:

- Grunnupplýsingar til þess að búa til persónulegan aðgang fyrir þig. Það eru samskiptaupplýsingar eins og nafn, heimilisfang, netfang, símanúmer eða upplýsingar sem auðkenna þig eins og kennitala, upplýsingar um þjóðerni eða skilríki s.s. vegabréf, ökuskírteini og rafræn auðkenning. Þessum upplýsingum er

einnig safnað til þess að geta haft samband við þig á meðan á viðskiptasambandi stendur.

- Reikningsupplýsingar sem safnað er þegar þú tengir reikningana þína við þjónustu Blikk eins og upplýsingar um stöðu reiknings, veltu, hreyfingar og reikningsnúmer. Einnig getur þú þurft að veita upplýsingar um innskráningarskilríki eða öryggisskilríki fyrir vefþjónustu sem Blikk tengist við þriðja aðila til að ná í reikningsupplýsingarnar.
- Beiðnir sem verða til í tengslum við virkjun greiðslu er safnað og aðrar upplýsingar sem verða til þegar fyrirmæli um að virkja greiðslu fer fram. Það geta verið upplýsingar eins og auðkennisupplýsingar, upplýsingar um reikningsupplýsingaþjónustuveitanda, reikningsnúmer, upplýsingar um viðtakanda greiðslu auk annarra gagna sem þarf til samskipta við reikningsupplýsingaþjónustuveitanda þinn.
- Samningar, skilmálar og samþykki sem verða til í tengslum við þá samninga sem þú gerir við Blikk er safnað í þeim tilgangi að framfylgja ákvæðum samninga.
- Opinberar upplýsingar sem aflað er vegna viðskiptasambandsins og upplýsingar sem verða til vegna áreiðanleikakannana. Áreiðanleikakannanir eru framkvæmdar á grundvelli laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og eru gerðar til að ganga úr skugga um að tilgangur og eðli viðskiptasambandsins sé í samræmi við ákvæði laga.
- Upplýsingar um hegðun og notkun á vörum og þjónustu Blikk er safnað í þeim tilgangi að geta bætt þjónustu og vörur Blikk, auðvelda innskráningu og veita tölfraeði- og virkniupplýsingar um viðskiptavini, sbr. nánari umfjöllun um vefkökur á vefsíðu Blikk.

Ofangreindar upplýsingar eru ekki tæmandi talning á þeim persónuupplýsingum sem er safnað en Blikk getur safnað öðrum upplýsingum um þig ef nauðsynlegt þykir vegna eðli viðskiptasambandsins eða samskiptum hverju sinni.

## Öryggi og varðveisla upplýsinga

Öryggi persónuupplýsinga þinna er í forgangi hjá Blikk. Blikk hefur þróað tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi að koma í veg fyrir óheimila notkun, afritun, aðgang eða afhendingu til þriðja aðila til að fyrirbyggja að upplýsingar glatist, séu ranglega skráðar eða önnur misnotkun á upplýsingum eigi sér stað. Persónubundnar aðgangsstýringar, dulkóðun, notkun gerviauðkenna, álagsprófanir eru dæmi um slíkar öryggisráðstafanir.

Blikk varðveitir persónuupplýsingar aðeins eins lengi og nauðsynlegt er til að Blikk geti sinnt þeirri þjónustu sem í boði er en einnig í samræmi við ákvæði laga eða viðskiptahagsmunir krefjast og málefnaleg ástæða þykir til. Lög geta kveðið á um varðveislutíma persónuupplýsinga eins og lög um bókhald nr. 145/1994, lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 og lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 og ganga þau þá framan almennum meginreglum um varðveislutíma. og starfsemi sinni í ljósi viðskiptasambands og upphaflegan tilgang vinnslunnar eða vegna viðskiptalegra hagsmuna Blikk. Í einhverjum tilvikum, í stað þess að eyða persónuupplýsingum þínum, eru upplýsingarnar gerðar ópersónugreinanlegar með afmáningu persónuauðkennis. Þá eru upplýsingarnar ekki lengur persónuupplýsingar.

## Miðlun persónuupplýsinga

Persónuupplýsingum getur verið miðlað til þriðja aðila að því marki sem það er nauðsynlegt til að framfylgja samningsskyldum og til að veita þá þjónustu sem er í boði fyrir þig. Þá miðlar Blikk upplýsingum til opinberra aðila þegar það er skylt lögum samkvæmt og þess er óskað, svo sem til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands eða öðrum eftirlitsaðilum, skattayfirvöldum, dómstólum eða ríkislögreglustjóra.

Í einhverjum tilvikum getur persónuupplýsingum verið miðlað út úr landi og út fyrir evrópska efnahagssvæðið (EES). Slíkt er einungis gert ef það er nauðsynlegt til að verða við beiðnum viðskiptavinar eða þess sé krafist lögum samkvæmt. Þegar slík miðlun á sér stað er þó gætt að ítrustu öryggiskröfum í samræmi við persónuverndarlög.

## **Vinnsla persónuupplýsinga um börn**

Vinnsla á persónuupplýsingum um barn getur farið fram af hálfu Blikk ef það er nauðsynlegt í þeim tilgangi að veita þá þjónustu sem óskað er eftir. Ef barn sem nýtir sér þjónustu eða vöru Blikk hefur ekki náð 13 ára aldri mun Blikk ávallt afla samþykkis forráðamanns fyrir vinnslu persónuupplýsinga um barnið, í samræmi við persónuverndarlög.

## **Réttindi hins skráða**

Í samræmi við persónuverndarlögin átt þú rétt á því að ákveðnar ráðstafanir séu gerðar til að tryggja réttindi þín við vinnslu persónuupplýsinga. Þessi réttindi eru eftirfarandi:

- **Upplýsingaréttur.** Þú átt rétt á að fá upplýsingar um þau gögn sem verið er að vinna með um þig þannig að þú getir gætt annarra réttinda þinna samkvæmt persónuverndarlögum.
- **Aðgangsréttur.** Þú átt rétt á að fá upplýsingar um það hvort verið sé að vinna með persónuupplýsingar um þig. Í því felst réttur til að fá staðfestingu á því, afrit af upplýsingunum sem er verið að vinna með og aðrar upplýsingar um vinnsluna, s.s. tilgang og afleiðingar slíkrar vinnslu fyrir þig.
- **Andmælaréttur.** Réttur til að mótmæla því að persónuupplýsingar um þig séu notaðar í sérstökum tilgangi s.s. í markaðslegum tilgangi.
- **Flutningsréttur.** Réttur til að flytja eigin gögn sem þú hefur afhent ábyrgðaraðila, t.a.m. ef þú vilt endurnýta þau hjá annarri þjónusta eða ábyrgðaraðila.
- **Réttur til leiðréttingar og eyðingar.** Þú átt rétt til að láta leiðrétta eða eyða persónuupplýsingum um þig sem eru óáreiðanlegar eða rangar.

- Réttur til að gleymast. Í ákveðnum tilvikum átt þú rétt á því að öllum persónuupplýsingum um þig sé eytt, ef þær eru ekki lengur nauðsynlegar í ljósi upphaflegs tilgangs fyrir vinnslu.

Þú hefur ávallt rétt til að afturkalla samþykki þitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga án þess að það hafi áhrif á lögmæti vinnslunnar áður en afturköllum átti sér stað, t.d. með því að eyða Blikk aðgangi þínum eða hafa beint samband við Blikk. Í því felst einnig afturköllun á samþykki fyrir miðlun og vinnslu reikningsupplýsinga í þjónustu Blikk. Ef þú afturkallar samþykki þitt þýðir það hins vegar að þú getur ekki notað þjónustu Blikk lengur í heild eða að hluta eða ákveðnir þjónustupættir virka ekki sem skyldi. Þegar greiðsla hefur þegar verið virkjuð er þó ekki hægt að afturkalla greiðslu á framangreindum grundvelli. Athygli er þó vakin á því að ef lög kveða á um skyldu til að varðveita persónuupplýsingar lengur ganga þau framár, sbr. umfjöllun um öryggi og varðveislu upplýsinga.

## **Breytingar á persónuverndarstefnu Blikk**

Blikk áskilur sér rétt til að breyta stefnu þessari ef við á svo hún endurspegli starfsemi Blikk og gildandi löggjöf. Komi til breytinga verða þær aðgengilegar á vefsíðu Blikk og er litið svo á að þú hafir samþykkt breytingarnar með áframhaldandi notkun á þjónustu Blikk. Ef breytingarnar eru stórvægilegar verður þér tilkynnt um það sérstaklega áður en þær taka gildi.

## **Tengiliður og réttarræði**

Ef þú hefur einhverjar spurningar um stefnu þessa eða vinnslu persónuupplýsinga þinna getur þú haft samband við persónuverndarfulltrúa Blikk. Persónuverndarfulltrúi er tengiliður við hinn skráða, veitir ráðgjöf um réttindi hans og hefur það hlutverk að fylgjast með því að Blikk fari að persónuverndarlögum.

Ef þú telur að brotið hafi verið á rétti þínum vinsamlega hafðu samband. Allar fyrirspurnir, athugasemdir og ábendingar sem varða persónuvernd má senda á netfangið [personuvernd@blikk.tech](mailto:personuvernd@blikk.tech).

Komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga er hægt að senda kvörtun til Persónuverndar á netfangið [postur@personuvernd.is](mailto:postur@personuvernd.is) eða með því að senda bréfpóst til Persónuverndar, heimilisfang: Rauðarárstígur 10, 105 Reykjavík. Sjá nánar á vefsíðunni [www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)

## Útgáfa

Persónuverndarstefna þessi var síðast endurskoðuð í nóvember 2023.